

**Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar
og**

**Stéttarfélag verkfræðinga
hins vegar**

gera með sér svofellt

S A M K O M U L A G

um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila

Markmið

Það er sameiginlegt markmið aðila að vinna að áframhaldandi þróun stofnana ríkisins sem þekkingarvinnustaða, enda byggir þjónusta þeirra meðal annars á sérfræðipækkingu háskólamenntaðra tæknimanna. Stemma þarf stigu við atgervisflótta og efla stétt verkfræðinga. Í því skyni hyggjast aðilar endurskoða starfs- og launaumhverfi þessara starfsmanna þannig að hæfni og menntun verði metin að verðleikum. Það er framtíðarmarkmið aðila að starfskjör verkfræðimenntaðra starfsmanna hjá ríki verði sambærileg því sem gerist á almennum vinnumarkaði.

**1. gr.
Gildistími**

Gildandi kjarasamningur aðila framlengjast frá 1. maí 2011 til 31. mars 2014 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og falla þá úr gildi án frekari fyrirvara.

**2. gr.
Eingreiðsla**

Eftir samþykkt samnings greiðist eingreiðsla 50.000 kr. miðað við fullt starf tímabilið mars 2011 - apríl 2011. Þeir sem eru í hlutastarfi og/eða hafa starfað skemur skulu fá hlutfallslega greiðslu.

3. gr. Launahækkarnir

Laun samkvæmt grein 1.1.1 hækki sem hér segir (sjá einnig fylgiskjal 1):

1.6.2011:	4,25%
1.3.2012:	3,50%
1.3.2013:	3,25%
1.3.2014:	Eingreiðsla 38.000 kr. miðað við þá sem eru í fullu starfi í janúar 2014. Þeir sem eru í hlutastarfi og/eða hafa starfað hluta úr mánuði skulu fá hlutfallslega greiðslu.

4. gr. Persónuuppbót og orlofsuppbót

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2011	48.800 kr.	sérstakt álag	15.000 kr.
Á árinu 2012	50.500 kr.		
Á árinu 2013	52.100 kr.		

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2011	26.900 kr.	sérstakt álag	10.000 kr.
Á árinu 2012	27.800 kr.		
Á árinu 2013	28.700 kr.		

5. gr. Frí í stað yfirvinnu

Grein 2.3.8, breytist sem hér segir:

- 2.3.8 Heimilt er starfsmanni, með samkomulagi við vinnuveitanda, að safna frídögum vegna yfirvinnu, á þann hátt að yfirvinnutímar komi til uppsöfnunar og frítöku á dagvinnutímabili en yfirvinnuálagið er greitt við næstu reglulegu útborgun. Samkomulag skal vera um töku frísins og það skipulagt þannig að sem minnst röskun verði á starfsemi stofnunar. Frí samkvæmt framansögðu, vegna undanfarandi almanaksárs, sem ekki hefur verið nýtt fyrir 15. apríl ár hvert, eða við starfslok, skal greitt út á dagvinnutaxta viðkomandi starfsmanns við næstu reglulegu útborgun.

6. gr. Matar- og kaffitímar vaktavinnumanna

Frá 1. mars 2012 breytist gr. 2.6.9 og verður sem hér segir:

- 2.6.9 Starfsmenn í vaktavinnu hafa ekki sérstaka matar- og kaffitíma. Starfsmönnum er þó heimilt að neyta matar og kaffis við vinnu sína á vaktinni ef því verður við komið starfsins vegna. Vegna þessarar takmörkunar skal greiða 25 mínútur á yfirvinnukaupi fyrir hverja vakt óháð lengd vaktar.

7. gr. Fæðisfé

Frá 1. júní 2011 breytist grein 3.4.2 og verður sem hér segir:

3.4.2 Starfsmaður sem hefur ekki aðgang að matstofu en ætti að hafa það skv. gr. 3.4.1, skal fá það bætt með fæðispeningum sem nema 380 kr. fyrir hvern vinnuskyldudag enda séu þá uppfyllt neðantalin skilyrði:

1. Vinnuskylda starfsmanns sé minnst sem svarar hálfri stöðu á viku.
2. Starfsmaður hafi vinnuskyldu á föstum vinnustað frá kl. 11:00 - 14:00 að frádregnu matarhléi.
3. Matarhlé sé aðeins 1/2 klst.

Frá 1. mars 2012 bætist við kafla 3.4 ný grein sem verður gr. 3.4.3 og hljóðar svo:

3.4.3 Starfsmaður á vakt þegar matstofa vinnustaðar er ekki opin skal fá það bætt með fæðispeningum sem nema 380 kr. enda sé vinnuskylda starfsmanns a.m.k. 1 klst. fyrir og 1 klst. eftir umsamda matartíma á viðkomandi vakt sbr. tímasetningar matartíma í gr. 3.2.1.

Frá 1. júní 2011 bætist við kafla 3.4 ný grein sem verður gr. 3.4.4 og hljóðar svo:

3.4.4 Upphæð fæðispeninga breytist á þriggja mánaða fresti í samræmi við matvörulið vísitölu neysluverðs (01 Matur og drykkjarvörur) með vísitölu maímánaðar 2011 sem grunnvísitölu (140,7 stig miðað við undirvísitölur frá 2008).

Núverandi grein 3.4.3 verður 3.4.5.

8. gr. Vinnusókn og ferðir

Kafla 5.4 hljóði svo:

5.4.1 Starfsmaður skal sækja vinnu til fasts ráðningarstaðar á eigin vegum og í tíma sínum.

5.4.2 Frá grein 5.4.1 eru eftirtalin frávík:

5.4.2.1 Starfsmanni skal séð fyrir ferð eða honum greiddur ferðakostnaður að og frá vinnustað ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- Að starfsmaður hefji eða ljúki vinnu á þeim tímum sem strætisvagnar ganga ekki.
- Að heimili starfsmanns sé lengra en 1,5 km (loftlína) frá vinnustað.
- Að vinnustaður sé innan leiðakerfis strætisvagna. Með leiðakerfi er átt við skipulagðar ferðir þar sem gert er ráð fyrir að minnsta kosti einni ferð á klukkustund innan hvers skilgreinds þéttbýliskjarna í viðkomandi tilviki.
- Að ekki sé lengra en 1,5 km frá biðstöð að vinnustað.

Starfsmanni er ekki séð fyrir ferð eða honum greiddur ferðakostnaður fyrir lengri vegalengd en sem nemur 15 km (loftlína) frá vinnustað.

5.4.2.2 Ef ákvæði greinar 5.4.2.1 eiga ekki við, en vinnustaður er innan þéttbýlis, skal starfsmanni séð fyrir ferðum að og frá vinnustað innan 15 km fjarlægðar (loftlína), en þó utan 1,5 km (loftlína), þegar starfsmaður hefur eða lýkur vinnu á tímabilinu frá kl. 00:00 til kl. 07:00 virka daga og frá kl. 00:00 til kl. 12:00 á almennum eða á sérstökum frídögum skv. gr. 2.1.4.2 og 2.1.4.3.

- 5.4.2.3 Þær stofnanir sem staðsettar eru a.m.k. 5 km (loftlína) utan ytri marka næsta þéttbýlis skulu, í stofnanasamningi skv. kafla 11, semja um greiðslu ferðakostnaðar fyrir þá starfsmenn sem ekki búa á staðnum.
- 5.4.2.4 Heimilt er í stofnanasamningi skv. kafla 11 að semja nánar um hvernig ákvæði kafla þessa skulu framkvæmd í einstökum tilfellum, svo og ef um sérstakar aðstæður er að ræða til dæmis dvöl í óbyggðum, á sjó eða langdvöl á ferðum.

9. gr. Ferðatími erlendis

Frá 1. júní 2011 breytist grein 5.5.1 sem hér segir:

5.5 Ferðatími erlendis

- 5.5.1 Þegar starfsmaður fer utan að frumkvæði vinnuveitanda og á vegum hans skulu greiðslur vegna slíks óhagræðis vera með eftirfarandi hætti:

Sé brottför flugs á virkum degi fyrir kl. 10:00 og/eða heimkoma eftir kl. 15:00 skal starfsmaður fá greiðslu sem nemur þremur álagsstundum á 33,33% álagi skv. gr. 1.6.1 fyrir hvort tilvik.

Á almennum og sérstökum frídögum skal samsvarandi greiðsla nema sex álagsstundum á 55% álagi skv. gr. 1.6.1, án tillits til þess hvenær dags flugið er.

Heimilt er að semja um frítíma í stað greiðslu ferðatíma þannig að 20 mínútna frí jafngildir 33,33% álagi, 33 mínútna frí jafngildir 55% álagi.

10. gr. Endurmenntun, framhaldsnám

Frá 1. júní 2011 breytast greinar 10.1.1 og 10.3.1 og verða sem hér segir:

10.1 Endurmenntun, framhaldsnám

- 10.1.1 Starfsmaður sem unnið hefur í fjögur ár hjá sömu stofnun á rétt á leyfi til að stunda endurmenntun/framhaldsnám enda sé það í samræmi við endurmenntunar-/starfsþróunaráætlun viðkomandi stofnunar eða starfsmanns sé hún til staðar.

Í leyfinu skal starfsmaður halda reglubundnum launum sbr. skilgreiningu í gr. 12.2.6.

Starfsmaður ávinnur sér tveggja vikna leyfi á hverju ári. Þó getur uppsafnaður réttur aldrei orðið meiri en 6 mánuðir og greiðist ekki út við starfslok.

Heimilt er að veita skemmri eða lengri námsleyfi á skemmra eða lengra árabili.

Heimilt er að greiða ferða- og dvalarkostnað samkvæmt 5. kafla.

- 10.3.1 Ríkissjóður greiðir mánaðarlega framlag í Vísinda- og starfsmenntunarsjóð Stéttarfélags verkfræðinga sem nemur 0,76% af heildarlaunum félagsmanna og hækkar framlagið í 1,11% frá og með 1. júlí 2012.

11. gr. Stofnanasamningar

Frá og með 1. janúar 2012 breytist gr. 11.3.1 og verður sem hér segir:

11.3.1 Við gerð samningsins skal semja um röðun starfa, sbr. gr. 1.2.1 og hvaða þættir og/eða forsendur skuli ráða röðun þeirra. Þar skulu fyrst og fremst metin þau verkefni og skyldur sem í starfinu felast auk þeirrar færni (kunnáttustig/sérhæfing) sem þarf til að geta innt starfið af hendi. Þá skal litið til skipurits stofnunar eða annars formlegs starfsskipulags við gerð samningsins. Starfslýsingar eru ein af forsendum röðunar starfa í launaflokka og skulu þær endurskoðaðar í takt við þróun starfa.

Stéttarfélög eða stofnun geta gert sameiginlegan stofnanasamning, ýmist sameiginlega fyrir félög innan stofnunar eða fyrir hóp stofnana.

12. gr. Starfsendurhæfingarsjóður

Grein 12.10 breytist sem hér segir:

12.10 Starfsendurhæfingarsjóður

12.10.1 Iðgjald launagreiðanda í Starfsendurhæfingarsjóð skal nema 0,13% af heildarlaunum félagsmanna.

Grein 12.10.2 fellur brott.

13. gr. Lengdur uppsagnarfrestur

Við bætist nýr kafli 17.

Kafli 17. Uppsagnarfrestur

17.1.1 Uppsagnarfrestur eftir tíu ára samfelld starf

Sé starfsmanni sagt upp, eftir a.m.k. 10 ára samfelld starf hjá sömu stofnun, er uppsagnarfrestur sem hér segir:

1. 4 mánuðir ef starfsmaður er orðinn 55 ára
2. 5 mánuðir ef hann er orðinn 60 ára
3. 6 mánuðir þegar hann er orðinn 63 ára

Starfsmaður getur hins vegar sagt upp starfi sínu með þriggja mánaða fyrirvara.

Núverandi kafli 17 verður kafli 18.

14. gr.
Atkvæðagreiðsla og samningsforsendur

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til samþykktar, ásamt viðeigandi viðaukum. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16:00 þann 15. júlí 2011 skoðast hann samþykktur.

Komi til þess að samningum á almennum vinnumarkaði verði, eftir 1. janúar 2012, sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis þeirra á gildistíma samnings þessa skal aðilum heimilt að segja upp samningnum fyrir 15. febrúar 2012 eða 2013 og fellur hann þá strax úr gildi.

Leiði endurskoðun nefndarinnar sem fjallar um forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði aftur á móti til þess að þar náist samkomulag um breytingu á samningum skal sambærileg breyting gilda um þennan samning.

Reykjavík, 27. júní 2011

f.h. fjármálaráðherra
með fyrirvara um samþykki

Gunnar Björnsson (sign.)
Ásta Lára Leósdóttir (sign.)
Helga Jóhannesdóttir (sign.)

f.h. Stéttarfélags verkfræðinga
með fyrirvara um samþykki félagsmanna

Sveinn Víkingur Árnason (sign.)
Ásbjörn Ólafsson (sign.)
Geir Guðmundsson (sign.)
Þrúður Haraldsdóttir (sign.)

**Bókanir með kjarasamningi
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
og
Stéttarfélags verkfræðinga
27. júní 2011**

Bókun 1

Samningsaðilar einsetja sér að endurskoða uppbyggingu á fyrirbyggjandi heilbrigðisþjónustu og vinnuvernd. Markmiðið er að stuðla að því að brugðist sé við veikindum með fyrirsjáanlegum hætti og að starfsmanni sem veikist bjóðist viðeigandi úrræði sem fyrst. Þetta felur m.a. í sér aukinn sveigjanleika á vinnumarkaði til að tryggja það að einstaklingar sem veikjast eða slasast og eru í virkri starfsendurhæfingu hafi möguleika á að koma til baka í samræmi við vinnugetu sína á hverjum tíma. Ljóst er að þessu markmiði verður aðeins náð ef gagnkvæmt traust ríkir milli atvinnurekanda og starfsmanna um fyrirkomulag við tilkynningu veikinda, endurkomu starfsmanna úr veikindum, fyrirbyggjandi heilbrigðisþjónustu í fyrirtækjum o.s.frv.

Samningsaðilar munu fylgjast með störfum stýrihóps á vegum VIRK sem vinnur að þeim markmiðum sem nefnd eru hér að framan. Sérstaklega verður fylgst með þróunarverkefni sem er að fara af stað á vegum VIRK um forvarnir og starfsendurhæfingu. Samningsaðilar munu nýta þá reynslu og þekkingu sem þar verður til í sínu starfi. Samningsaðilar munu vera starfsmönnum þessa þróunarverkefnis til stuðnings og ráðlegginga vegna álitamála sem upp koma í verkefninu og snúa að lög- og kjarasamningsbundnum réttindum og skyldum á vinnumarkaði.

Bókun 2

Komi til þess að aðsókn eftir því að nýta sér leyfi samkvæmt grein 10.1 valdi erfiðleikum í rekstri stofnunar hefur stofnun heimild til að takmarka þann fjölda sem nýtir réttinn við 10% á ári, annað hvort miðað við fjölda vikna eða fjölda háskólamenntaðra starfsmanna sem falla undir grein 10.1 á stofnuninni.

Bókun 3

Aðilar hafa á undanförunum misserum unnið að innleiðingu launagagna ríkisins í launarannsókn Hagstofunnar til að samhæfa upplýsingar um laun milli markaða. Þeirri vinnu er ekki lokið en þrátt fyrir það eru aðilar sammála um að beina því til samráðshóps um tölfraði og upplýsingagjöf, sem starfar á grundvelli samkomulags heildarsamtaka opinberra starfsmanna og fjármálaráðherra, dags 24. september 2010, að kanna á hvaða hátt hægt er að bera saman launaþróun háskólamenntaðra starfsmanna hjá ríkinu við sambærilega hópa á almennum markaði.

Bókun 4

Grunnur að starfsmennta- og fræðslusjóðum stéttarféлага er allt frá 1980. Aðilar eru sammála um að skipa sérstakan starfshóp til að skoða framtíðarskipan þessara mála. Hópurinn verði skipaður jafnmörgum fulltrúum samningsaðila og skal hann skila tillögu um framtíðarfyrirkomulag ekki síðar en í maílok 2012

Hópurinn skal taka tillit til t.d. eftirfarandi:

- Skilgreiningu á markhópum.
- Samstarf féлага og bandalaga.
- Hagkvæmni eininganna og samstarf.
- Þarfir starfsmanna, stofnana og ríkisins.

Samningsaðilar taki álit starfshópsins sameiginlega til umfjöllunar og skal niðurstaða þeirrar umfjöllunar liggja fyrir í síðasta lagi 15. júní 2012.

Bókun 5

Samningsaðilar eru sammála um að fylgjast grannt með þeirri vinnu sem unnin verður í starfshópi skv. bókun 1, með kjarasamningi fjármálaráðherra og BHM, undirrituðum 6. júní 2011 og taka afstöðu til þess sem þar kemur fram eftir því sem aðilum þykir ástæða til. Samvinnu aðila til aðgerða í kjölfar lokaálits hópsins verði háttáð þannig að áhersla verði lögð á að innan samningstímans verði hægt að framkvæma fyrstu aðgerðir sem sátt er um.

Bókun 6

Þar sem ekki tókst að efna til jafnvíðtæks samstarfs og stefnt var að með bókun 4 með síðasta kjarasamningi, dags. 28. júní 2008, eru aðilar sammála um að hlutdeild í því stofnframlagi sem þar var tiltekið er 3.100.000 kr og greiðist til Vísinda- og starfsmenntunarsjóðs eftir samþykki samnings þessa.

Fylgiskjal 1

með kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Stéttarfélags
verkfræðinga, dags. 27. júní 2011

Launatafla sem tekur gildi 1. júní 2011

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
01	244.800	250.380	255.961	261.541	267.122	272.702	278.282	283.862	289.443
02	256.056	262.015	267.979	273.945	279.917	285.894	291.874	297.860	303.848
03	267.880	274.137	280.401	286.668	292.941	299.218	305.500	311.786	318.076
04	280.297	286.872	293.449	300.032	306.621	313.214	319.811	326.414	333.020
05	293.340	300.246	307.154	314.070	320.988	327.913	334.842	341.777	348.717
06	307.040	314.292	321.550	328.811	336.079	343.353	350.631	357.915	365.204
07	321.431	329.048	336.669	344.297	351.931	359.570	367.215	374.866	382.521
08	336.544	344.545	352.552	360.563	368.580	376.604	384.633	392.668	400.709
09	352.421	360.824	369.232	377.648	386.068	394.496	402.929	411.369	419.815
10	369.096	377.922	386.755	395.593	404.438	413.289	422.147	431.012	439.882
11	386.612	395.881	405.159	414.443	423.732	433.030	442.332	451.643	460.961
12	405.009	414.746	424.490	434.240	443.998	453.763	463.537	473.315	483.102
13	424.333	434.560	444.794	455.036	465.285	475.542	485.807	496.078	506.357
14	444.630	455.372	466.121	476.878	487.643	498.416	509.198	519.986	530.782
15	465.949	477.232	488.522	499.823	511.129	522.444	533.767	545.099	556.441
16	488.342	500.192	512.051	523.920	535.796	547.682	559.575	571.478	583.389
17	511.862	524.311	536.766	549.232	561.705	574.189	586.683	599.183	611.694
18	536.568	549.642	562.726	575.817	588.921	602.033	615.154	628.286	641.426
19	562.539	576.283	590.036	603.800	617.573	631.356	645.150	658.953	672.766
20	589.819	604.254	618.701	633.157	647.624	662.103	676.590	691.089	705.599
21	618.472	633.635	648.808	663.993	679.189	694.395	709.613	724.842	740.082
22	648.568	664.493	680.430	696.379	712.339	728.311	744.295	760.289	776.296

Launatafla sem tekur gildi 1. mars 2012

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
01	253.368	259.143	264.920	270.695	276.471	282.247	288.022	293.797	299.574
02	265.055	271.260	277.473	283.690	289.914	296.144	302.380	308.624	314.872
03	277.332	283.849	290.375	296.906	303.445	309.989	316.541	323.098	329.661
04	290.227	297.076	303.929	310.790	317.659	324.533	331.414	338.303	345.197
05	303.775	310.968	318.167	325.375	332.588	339.810	347.038	354.274	361.517
06	318.005	325.561	333.125	340.694	348.273	355.859	363.451	371.053	378.661
07	332.956	340.893	348.835	356.788	364.750	372.718	380.693	388.678	396.670
08	348.658	356.996	365.342	373.696	382.057	390.428	398.806	407.192	415.588
09	365.157	373.916	382.681	391.456	400.239	409.032	417.833	426.644	435.463
10	382.487	391.686	400.896	410.113	419.340	428.576	437.821	447.076	456.339
11	400.693	410.356	420.031	429.714	439.406	449.109	458.819	468.540	478.271
12	419.819	429.970	440.132	450.302	460.484	470.676	480.879	491.089	501.312
13	439.909	450.573	461.246	471.932	482.627	493.334	504.050	514.777	525.515
14	461.013	472.216	483.428	494.651	505.887	517.134	528.392	539.659	550.940
15	483.184	494.953	506.730	518.522	530.324	542.137	553.962	565.800	577.650
16	506.474	518.835	531.208	543.594	555.992	568.404	580.826	593.261	605.708
17	530.940	543.927	556.924	569.935	582.958	595.995	609.044	622.106	635.181
18	556.642	570.283	583.937	597.604	611.287	624.980	638.688	652.410	666.144
19	583.665	598.006	612.360	626.729	641.113	655.510	669.922	684.347	698.788
20	612.052	627.116	642.197	657.291	672.400	687.526	702.665	717.819	732.988
21	641.872	657.698	673.538	689.395	705.268	721.155	737.059	752.979	768.914
22	673.198	689.822	706.461	723.119	739.791	756.480	773.187	789.908	806.647

Launatafla sem tekur gildi 1. mars 2013

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
01	261.602	267.565	273.530	279.493	285.456	291.420	297.383	303.345	309.310
02	273.669	280.076	286.491	292.910	299.336	305.769	312.207	318.654	325.105
03	286.345	293.074	299.812	306.555	313.307	320.064	326.829	333.599	340.375
04	299.659	306.731	313.807	320.891	327.983	335.080	342.185	349.298	356.416
05	313.648	321.074	328.507	335.950	343.397	350.854	358.317	365.788	373.266
06	328.340	336.142	343.952	351.767	359.592	367.424	375.263	383.112	390.967
07	343.777	351.972	360.172	368.384	376.604	384.831	393.066	401.310	409.562
08	359.989	368.598	377.216	385.841	394.474	403.117	411.767	420.426	429.095
09	377.025	386.068	395.118	404.178	413.247	422.326	431.413	440.510	449.616
10	394.918	404.416	413.925	423.442	432.969	442.505	452.050	461.606	471.170
11	413.716	423.693	433.682	443.680	453.687	463.705	473.731	483.768	493.815
12	433.463	443.944	454.436	464.937	475.450	485.973	496.508	507.049	517.605
13	454.206	465.217	476.236	487.270	498.312	509.367	520.432	531.507	542.594
14	475.996	487.563	499.139	510.727	522.328	533.941	545.565	557.198	568.846
15	498.887	511.039	523.199	535.374	547.560	559.756	571.966	584.189	596.424
16	522.934	535.697	548.472	561.261	574.062	586.877	599.703	612.542	625.394
17	548.196	561.605	575.024	588.458	601.904	615.365	628.838	642.324	655.824
18	574.733	588.817	602.915	617.026	631.154	645.292	659.445	673.613	687.794
19	602.634	617.441	632.262	647.098	661.949	676.814	691.694	706.588	721.499
20	631.944	647.497	663.068	678.653	694.253	709.871	725.502	741.148	756.810
21	662.733	679.073	695.428	711.800	728.189	744.593	761.013	777.451	793.904
22	695.077	712.241	729.421	746.620	763.834	781.066	798.316	815.580	832.863